

## **BÍLASTÆÐANEFND**

Ár 2015, föstudaginn 2. október, var haldinn 41. fundur bílastæðanefndar Bílastæðasjóðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Vonarstræti 4, 2. hæð og hófst kl. 13:16. Viðstaddir voru: Sóley Tómasdóttir, Kristín Soffía Jónsdóttir, Þórgnýr Thoroddsen, Karl Sigurðsson, Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir. Jafnframt sátu fundinn Kolbrún Jónatansdóttir framkvæmdastjóri. Fundarritari var Anna Elínborg Gunnarsdóttir.

### **Þetta gerðist:**

1. Kynnt eru drög að styrktarreglum bílastæðanefndar. Framkvæmdastjóra Bílastæðasjóðs falið að samræma styrktarreglur við reglur borgarinnar í samráði við skrifstofu borgarstjórnar. Samþykkt.
2. Kynnt drög að fjárhagsáætlun 2016.
3. Lagt fram erindi til borgarlögmans þar sem óskað er eftir upplýsingum um hvaða breytingar þurfi að gera á lögum eða samþykktum, eða hvort gera þurfi slíkar breytingar yfir höfuð til að hægt verði að leggja fleiri en eitt aukastöðugjald á bifreiðar ef þeim er lagt lengur en ákveðin tíma.

### **Fundi slitið kl. 13.56**

Sóley Tómasdóttir

Kristín Soffía Jónsdóttir  
Karl Sigurðsson

Þórgnýr Thoroddsen